

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 – 2004

Nr. 87

130

27. janúar 2004

GJALDSKRÁ

fyrir rannsóknasvið Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu sérfræðinga og verkefnisstjóra á rannsóknasviði skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
Sérfræðingur I	4.000
Verkefnisstjóri 1	5.000
Verkefnisstjóri 2	5.800
Verkefnisstjóri 3	8.000
Verkefnisstjóri 4	9.000

2. gr.

Um gjald fyrir þjónustusvið vísast til sérstakrar gjaldskrár sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gefur út.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins nr. 197, 19. mars 2003.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. janúar 2004.

Árni M. Mathiesen.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Nr. 88

28. janúar 2004

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Vatnagarðar 4-8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. desember 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Vatnagarða 4-8.

Gutenberg

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Esjumelar, Kjalarnesi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 6. janúar 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Esjumela á Kjalarnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavíkurflugvöllur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 11. nóvember 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Reykjavíkurflugvöll, flugvallargeira 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. janúar 2004.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um skrá St. Franciskusspítala, Stykkishólmi, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Eftirtalin störf/starfsemi skal vera með venjubundnum hætti, nema annað sé tekið fram:

Hjúkrunarforstjóri sjúkrasviðis (0,8)

Hjúkrunarforstjóri heilsugæslusviðs (0,5)

Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjórar starfi þannig:

Sjúkrasvið: Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hverri deild á morgun- og kvöldvöktum.

Einn hjúkrunarfræðingur á gæsluvakt yfir sjúkrasviðinu á næturvöktum.

Heilsugæsla: Hjúkrunarfræðingur við heilsugæslu og heimahjúkrun (50% stg.).

Hjúkrunarfræðingur (ljósmóðir) í mæðraskoðun (30%).

Einn sjúkraliði á hverri vakt (morgun-, kvöld- og næturvakt).

Sjúkraliði, sem vinnur við innkaup og birgðahald (0,3).

Læknar (3).

Læknaritarar (0,5).

Ræstingastjóri (0,8).

Yfirmaður í þvottahúsi (0,8).

Símavarsla (1).

Umsjónarmaður (0,5).

Skrifstofustjóri (1).

Framkvæmdastjóri.